

Viðbótartillaga tilnefningarnefndar Origo hf. 2019

Viðauki við skýrslu nefndarinnar frá 21. febrúar 2019

Lagt fyrir hluthafafund sem boðaður er þann 2. maí 2019

Tilnefningarnefnd hafa borist tvö framboð til varamanna í stjórn Origo hf. fyrir hluthafafund 2. maí 2019:

Elísabet Grétarsdóttir er yfirhönnuður félagslegra kerfa (e. director of social systems) hjá tölvuleikjafyrirtækinu DICE í Svíþjóð. Hún hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan 2015 og gegndi áður hlutverki markaðsstjóra tölvuleiksins Battlefield. Elísabet var markaðsstjóri Arion Banka 2012-2015. Hún vann við markaðsmál og fleira hjá CCP á árunum 2006-2012. Elísabet er með MSc gráðu í markaðsfræðum frá Háskólanum í Stokkhólmi.

Gunnar Zoëga starfar sem ráðgjafi og útskrifaðist sem kerfisfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og lauk BSc gráðu frá Háskólanum í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum. Hann starfaði sem framkvæmdarstjóri hjá Origo hf. (áður Nýherji hf.) á árunum 2011-2019. Gunnar hefur setið í stjórnnum Focal ehf., DCI, SUT og Val og gegnt ýmsum nefndarstörfum til að stuðla að aukinni menntun ungs fólks í tæknigeiranum.

Tilnefningarnefnd metur bæði Elísabetu og Gunnar hæf til setu í stjórn Origo hf. og leggur til að þau verði kjörin varamenn.

Tillaga tilnefningarnefndar að skipan aðalstjórnar sem lögð var fram í skýrslu nefndarinnar þann 21. febrúar 2019 stendur óbreytt.

Reykjavík 24. apríl 2019

Ásdís Jónsdóttir
Eybór Ívar Jónsson
Ívar Kristjánsson